



# **Hvalveiðar og raunsæi**

Ísland, Alþjóðahvalveiðiráðið og kenningar í alþjóðasamskiptum

Einar Gunnarsson

**Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hvalveiðar og raunsæi**  
*Ísland, Alþjóðahvalveiðiráðið og kenningar í alþjóðasamskiptum*

Einar Gunnarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Einar Gunnarsson 2012

Reykjavík, Ísland 2012

## Útdráttur

Með stofnun Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1946 var komið á fót alþjóðlegri stofnun sem hafði yfirumsjón með hvalveiðum í heiminum. Íslendingar gengu í Alþjóðahvalveiðiráðið tveimur árum síðar og næstu var það vettvangur ríkisins í samskiptum við umheiminn í málefnum hvalveiða. Með árunum varð verndarstefna æ fyrirferðameiri innan ráðsins og árið 1982 var samþykkt að koma á algeru hvalveiðibanni. Íslensk stjórnvöld ákváðu í fyrstu að sætta sig við bannið þar sem þau óttuðust að mótmæli gegn því kynnu að skaða útflutningshagsmuni þjóðarinnar. Á árinu 1991 sögðu Íslendingar sig úr ráðinu með þeim rökum að það starfaði í raun ekki lengur í samræmi við stofnsáttmála ráðsins. Héldu íslensk stjórnvöld því fram að ráðið hefði ítrekað gengið gegn ráðum vísindamanna.

Realisminn hefur lengi verið ráðandi kenning í alþjóðasamskiptum. Meginginntak hans er að ríki séu langmikilvægustu gerendurnir á alþjóðavettvangi þar sem ekkert yfirþjóðlegt vald er til staðar. Ríki heims hafi fyrst og fremst eigin hagsmuni að leiðarljósi. Í þessari ritgerð er spurt hversu vel kenningunni takist að skýra þróun Alþjóðahvalveiðiráðsins og samskipti ríkja innan þess. Niðurstaðan er sú að Alþjóðahvalveiðiráðið sé augljóst dæmi um það hversu vel realisminn nær að skýra samskipti ríkja.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	4
Efnisyfirlit.....	5
1. Inngangur.....	6
2. Kenningar í alþjóðasamskiptum.....	9
2.1. Realismi .....	9
2.2. Realisminn og yfirþjóðlegt vald.....	10
2.3. Liberalismi .....	11
2.4. Fullveldi.....	13
4. Alþjóðahvalveiðiráðið.....	16
4.1. Uppbygging Alþjóðahvalveiðiráðsins.....	16
4.2. Saga Alþjóðahvalveiðiráðsins .....	17
4.3. Verndarstefna sækir á .....	19
4.4. Hvalveiðibanni komið á 1982 .....	22
5. Ísland og Alþjóðahvalveiðiráðið.....	23
5.1. Ákvörðun um að mótmæla ekki hvalveiðibanni .....	23
5.2. Deilur við Bandaríkjamenn .....	26
5.3 Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu.....	28
5.4. NAMMCO .....	30
6. Niðurstöður .....	32
Heimildaskrá.....	34

# 1. Inngangur

Hvað er það sem fær ríki til þess að hegða sér með þeim hætti sem þau gera? Um aldir hafa fræðimenn reynt að greina og skilja samskipti þjóða, hvort sem um er að ræða samvinnu og samstarf eða átök, en átök hafa verið ein helsta birtingarmynd alþjóðasamskipta. Hvað veldur átökum og hvernig má stuðla að samvinnu í umhverfi þar sem ekkert alþjóðlegt yfirvald er til staðar? Með því að greina alþjóðastjórnsmál með fræðilegum hætti er unnt að setja fram hugmyndir að lausnum sem hjálpar stjórnsmálamönnum að finna lausnir á þeim vanda sem iðulega kemur upp í alþjóðasamskiptum.

Kenningar í alþjóðastjórnsmálum hafa allar ákveðinn ramma sem auðveldar skilning á atburðum á alþjóðavettvangi og samskiptum þjóða. Kenningar eru nauðsynleg hjálpartæki til að greina alþjóðasamskipti. Í þessari ritgerð verður farið yfir tvær áhrifamestu kenningar á síðustu áratugum, realisma og liberalism, og samskipti Íslands við Alþjóðahvalveiðiráðið skoðað í ljósi þeirra. Farið verður yfir fullveldishugtakið og hversu mikið hagsmunir einstakra ríkja innan Alþjóðahvalveiðiráðsins hafa haft að segja í gegnum tíðina.

Ekki er vitað hvenær hvalveiðar hófust við Ísland en getgátur eru uppi um að hvalveiðar hafi verið stundaðar hér við land á miðöldum. Þær heimildir eru óljósar og líklegast hafa veiðar erlendra aðila verið tilviljanakenndar allt fram á 17. öld. Þó verður að telja líklegt að Baskar, sem stóðu öðrum þjóðum frammar í hvalveiðum, hafi stundað hér einhverja veiði á 14. og 15. öld.<sup>1</sup>

Í kjölfar þess að Svalbarði fannst árið 1596 jukust hvalveiðar á Íslandsmiðum. Þær deilur sem spruttu upp vegna Svalbarða gerðu það að verkum að hvalveiðiskip sóttu í auknum mæli til Íslands. Kristján IV. leyfði erlendum aðilum að veiða við Ísland allt til ársins 1615 en þá kom annað hljóð í strokkinn og þurftu útlendingar að greiða fyrir þá aðstöðu sem þeir notuðu. Í kjölfarið var lagt hald á veiðarfæri og afla þeirra sem stunduðu ólöglegar veiðar.<sup>2</sup>

Ljóst er að haldið var áfram hvalveiðum við Ísland þegar kom fram á 18. öld. Eitthvað kann að hafa dregið úr afla á árunum 1713-15. Þá var um það rætt í Frakklandi að sléttbaksveiðar í norðurhöfum hefðu brugðist. Veiðisvæðið við Ísland var ekki

<sup>1</sup> Trausti Einarsson, *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1987), 9.

<sup>2</sup> Trausti Einarsson, *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, 25.

áfangastaður hvalskipa heldur höfðu þau helst viðkomu hér að loknum veiðum í Norðuríshafinu.<sup>3</sup>

Í kjölfar iðnvæðingarinnar jókst geta mannsins til þess að stunda hvalveiðar um öll heimsins höf. Svo var komið fyrir hvalastofnum að ofveiði varð að vaxandi vandamáli og fór hvalveiðum þar af leiðandi hnignandi á 19. öld. Auk þess minnkaði eftirspurn eftir hvalskíðum og hvallýsi þar sem að stál og jarðolía komu fram á sjónarsviðið.<sup>4</sup>

Fyrri heimsstyrjöldin skapaði gríðarlegan markað fyrir hvalafurðir þar sem sprengjur innihéldu glýseról sem framleitt var úr olíu úr skíðishvölum. Aukin tæknikunnátta mannsins sem leiddi til aukinnar hagkvæmni á hvalveiðum varð til þess að koma þurfti á alþjóðlegu samstarfi til þess að sporna gegn ofveiði. Árið 1925 taldi Þjóðabandalagið að setja þurfti reglur um hvalveiðar þar sem að hvalir væru ofveiddir. Þetta leiddi til þess að komið var á fót stofnun sem hélt utan um skráningu á veiddum hvölum (e. Bureau of International Whaling Statistics). Í kjölfarið var fyrsti alþjóðasáttmálinn um stjórnun hvalveiða (e. The Convention for the Regulation of Whaling) undirritaður árið 1931. Sá sáttmáli kom að litlu gagni þar sem stærstu hvalveiðipjóðir þess tíma skrifuðu ekki undir sáttmálann.<sup>5</sup>

Á þessum tíma átti hver hvalategundin á fætur annarri undir högg að sækja og fjölmargir fundir og ráðstefnu voru haldnar á fjórða áratugnum þar sem reynt var að koma reglu á hvalveiðarnar. Árið 1948 markaði þáttaskil en þá var undirritaður Alþjóðasáttmáli um stjórnun hvalveiða (e. International Convention for the Regulation of Whaling). Með þeim samning var brotið blað í sögu hvalveiða í heiminum. Í þriðju grein sáttmálans er kveðið á um stofnun Alþjóðahvalveiðiráðsins.<sup>6</sup>

Alþjóðahvalveiðiráðið fundaði fyrst árið 1949 og hefur komið saman árlega síðan þá. Upprunalegu aðildarríkin voru Argentína, Ástralía, Brasilía, Kanada, Danmörk, Frakkland, Ísland, Mexíkó, Holland, Noregur, Panama, Suður-Afríka, Sovétríkin, Bretland og Bandaríkin. Japan gerðist síðan meðlimur árið 1951. Í dag eiga 85 ríki

<sup>3</sup> Trausti Einarsson, *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, 26

<sup>4</sup> Trausti Einarsson, *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, 22

<sup>5</sup> World Wildlife Fund, „A History of the International Whaling Commission,“ [http://wwf.panda.org/what\\_we\\_do/conservation/conservation\\_actions/cetaceans/iwc/history/](http://wwf.panda.org/what_we_do/conservation/conservation_actions/cetaceans/iwc/history/) (sótt 18. apríl 2012).

<sup>6</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).

aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu<sup>7</sup>, þar á meðal fjöldinn allur af ríkjum sem hafa enga hagsmuni af hvalveiðum heldur virðast vera aðilar til þess að koma í veg fyrir frekari hvalveiðar.

Á 20. öld fjölgaði jafnt og þétt þeim þjóðum innan Alþjóðahvalveiðiráðsins sem aðhylltust hvalveiðibann. Á fundi hvalveiðiráðsins árið 1982 náði hvalveiðibann loksins í gegn. 25 ríki greiddu atkvæði með tillögu um bann en sjö þjóðir voru á móti, þar á meðal Íslendingar. Samkvæmt tillögunni voru allar úthafsveiðar bannaðar frá og með árinu 1985 og veiðar frá strandstöðvum eftir áramótin 1985/1986.<sup>8</sup>

Samskipti Íslands við Alþjóðahvalveiðiráðið hafa lengi verið ansi stormasöm og voru hvalveiðar ofarlega í huga Íslendinga á 20. öldinni. Stefna íslenskra stjórnvalda hefur ætíð verið sú að nýta ætti sjávarspendýr á sjálfbæran hátt, líkt og aðrar auðlindir hafsins.<sup>9</sup> Hvalveiðibannið kom því Íslendingum afar illa og spruttu í kjölfarið upp miklar deilur, bæði innanlands sem utan. Skoðanir Íslendinga voru skiptar. Annars vegar voru þeir sem töldu verslunarhagsmunum Íslendinga ógnað ef banninu yrði mótmælt, hins vegar þeir sem töldu gróflega brotið gegn fullveldi ríkisins og rétt til veiða innan eigin lögsögu.<sup>10</sup>

---

<sup>7</sup> International Whaling Commission, „IWC information,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/iwcmain.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>8</sup> Anthony D’Amato og Sudhir K. Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ *American Journal of International Law*, 21 (1991) <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>9</sup> Steingrímur Hermannsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1411&lthing=105&dalkur=1669\\_\(sott\\_24\\_april\\_2012\)](http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1411&lthing=105&dalkur=1669_(sott_24_april_2012)).

<sup>10</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, (Reykjavík: Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 1994), 17.



## 2. Kenningar í alþjóðasamskiptum

### 2.1. Realismi

Ekki er hægt að rannsaka alþjóðasamskipti án þess að taka mið af realisma en það er sú kenning innan alþjóðastjórn mála sem hefur haft hvað mest áhrif á rannsóknir í alþjóðasamskiptum frá því að fræðigreinin varð til á fyrri hluta 20. aldar. Kenningin kemur fram á sjónarsviðið um miðbik aldarinnar og hefur í raun verið ráðandi í alþjóðasamskiptum allar götur síðan. Það er fyrst og fremst vegna þess að hún útskýrir á sannfærani hátt það stríðsástand sem virðist vera ríkjandi innan alþjóðakerfisins. Þrátt fyrir að margar raddir haldi því fram að með nýjum þátttakendum og öflum í samfélaginu sé verið að breyta Vestfalúkerfinu en rætur þess eru jafnan taldar liggja í friðargerðinni í Vestfalú á 17. öld. Líklega verður þó að telja að þeir hlutir sem mótað hafa alþjóðakerfið í fortíðinni eigi við enn þann daginn í dag.<sup>11</sup>

Öllum realistum er sameiginlegt að leggja höfuðáherslu á ríkið sem mikilvægasta gerandann á alþjóðavettvangi. Það er grundvallaratriði kenningarinnar að í alþjóðakerfinu sé ekkert yfirríkjavald, ríki búi því í skugga stjórnleysis og átök séu því stöðugt yfirvofandi. Af þessu leiðir að vald, einkum hernaðarvald, er lykilatriði í hugmyndum realista. Aðalmarkmið allra ríkja er að lifa af, í því felast æstu hagsmunir ríkisins. Til þess að tryggja öryggi ríkisins verða leiðtogar þess að fylgja siðferðislegum viðmiðum sem dæma aðgerðir eftir afleiðingum frekar en því hvort framkvæmdin sjálf hafi verið rétt eða röng en algild siðferðisleg viðmið eru aðeins til innan tiltekinnna samfélaga, þ.e.a.s. ná ekki út í alþjóðakerfið.<sup>12</sup>

Realisminn dregur athyglina að grundvallarþáttum í alþjóðakerfinu eins og lýst hefur verið hér að ofan. Enginn dregur í efa að ríki eru í aðalhlutverki í alþjóðakerfinu. Raunsæisstefnan hefur tiltölulega fáar grunnhugmyndir, hún bregður upp tiltölulega einfaldri og skýrri mynd af alþjóðakerfinu og hefur tvímælalaust reynst gagnleg til skilnings á mörgu í sögunni. Ríki, hagsmunir, vald, valdajafnvægi, þetta eru þau lykilhugtök sem raunsæisstefnan snýst um og þau duga býsna langt. En stefnan

---

<sup>11</sup> John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, „*The globalization of world politics: An introduction to international relations*” 4. útg. (Oxford: University Press, 2008), 95.

<sup>12</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 101-102.

bregður upp tiltölulega einfaldri og skýrri mynd af alþjóðakerfinu og einbeittir sér að lykilatriðum eins og ríkinu, öryggishagsmunum, valdi og valdajafnvægi.<sup>13</sup>

Mikilvægasta öryggistæki ríkja hefur í gegnum tíðina verið, og er enn, herstyrkur þeirra. Þar sem ekkert er æðra en fullvalda ríki, þá ríkir sjálfshjálparstefna innan alþjóðakerfisins. Vissulega er oft hægt að ná fram hagsmunum sínum með samvinnu á alþjóðavettvangi, en möguleikann á átökum er aldrei hægt að útiloka.

## 2.2 Realisminn og yfirþjóðlegt vald

Á 19. öld spruttu upp stofnanir eins og Alþjóðlega símskeytastofnunin. Síðan fjölgaði þeim. Með hverri nýrri stofnuninni rann það upp fyrir ríkjunum að þær gætu stuðlað að aukinni hagkvæmni. Hver stofnun varð til í gegnum fullvalda ríki, en með tilkomu hverrar alþjóðastofnunar dvínaði fullveldi ríkjanna í þeim skilningi að núna fara stofnanir með völd sem alla jafna væru á höndum ríkjanna sjálfra. Í þessum stofnunum má segja að ríki deili með sér fullveldi.<sup>14</sup>

Þessar alþjóðastofnanir hafa ekki eingöngu í för með sér ný félagsleg og efnahagsleg áhrif. Þær koma einnig inn á helstu undirstöður fullvalda ríkja, getuna til þess að heyja stríð en í dag er búið að setja alþjóðlegar reglugerðir um það hvernig það skuli gert. Vissulega eru þær að flestu leyti áhrifalítlar, en fyrir 150 árum síðan hefði reglugerðir um slíkt talið vera ómögulegt.

Genfarsáttmálinn ásamt Haagsáttmálanum, friðarsamningunum í París 1919 og stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna setja fullvalda þjóðum ákveðnar skorður við beitingu valds.<sup>15</sup> Alþjóðalög eru í dag að mörgu leyti áhrifaríkari, jafnvel í málum sem ná til viðfangsefna sem ætíð hafa verið talin á verksviði fullvalda ríkja.

Víðtæk tengslanet hafa skapast í alþjóðasamfélaginu sem skapað hafa ákveðið yfirþjóðlegt vald (e. Global governance). Þetta hefur gerst þrátt fyrir trega ríkja til þess að gefa upp sitt lagalega fullveldi. Hugtakið hefur verið notað til þess að lýsa sameiginlegum áhrifum hina ýmsu alþjóðlegu stofnana sem hefur fjölgað gríðarlega á síðustu öld.<sup>16</sup> Eftir því sem hagkerfi heimsins hefur stækkað og alþjóðaviðskipti aukist hefur hlutverk þeirra vaxið og dafnað.

---

<sup>13</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 102-103.

<sup>14</sup> Chris Brown, *Understanding international relations* (London: Macmillan Press Ltd, 1997), 127

<sup>15</sup> Brown, *Understanding international relations*, 127.

<sup>16</sup> Brown, *Understanding international relations*, 127.

Hefðbundin skilgreining á realisma telur stjórnleysi ríkja í heiminum og að þar ríki sjálfshjálparkerfi þar sem að fullvalda ríki eru í stærstu hlutverkunum. Ríkin hugsa um eigin hagsmuni fyrst og fremst, sem aðalleikarar í alþjóðastjórnámálum, og taki takmarkað tillit til annarra þátttakenda, gefur lítið fyrir og afneitar öðrum þátttakendum, þar á meðal stofnanna sem starfa á alþjóðavettvangi.<sup>17</sup>

Samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu realista, reyna ríki að komast af og hámarka völd sín og reikna út hagsmuni sína í tengslum við það hversu mikil völd þau hafa. Þess vegna eru alþjóðasamskipti talin einkennast af miklum átökum. Ríkin eru einu ábyrgu og lögmætu gerendur í stjórnámálum heimsins.<sup>18</sup>

Realistar telja að yfirþjóðlegt vald sé ekki til. Öll umræða um yfirþjóðlegt vald sé röng. Í raun eru ríki eingöngu að reyna að bæta stöðu sína og auka hlutfallsleg völd sín í alþjóðastjórnámálum, hvort sem um er að ræða pólitísk eða efnahagsleg völd. Þau reyna að hafa áhrif á ákvarðanatöku veikari ríkja og keppast um að ná hylli hvers annars. Þrátt fyrir að realistar viðurkenni tilveru annarra þátttakenda og stofnana á leiksviði heimsstjórnámálanna er öllum stofnunum stjórnað af ríkjunum, sérstaklega stóru ríkjunum sem að sáu um að búa til þessar stofnanir.<sup>19</sup> Gott dæmi um slíkt er Alþjóðabankinn (e. World Bank). Þar hefur Bandaríkjastjórn ætíð stjórnað því hver sest í forstjórastólinn og nú fyrir skömmu var Bandaríkjamannurinn Jim Young Kim kjörinn næsti forstjóri bankans.<sup>20</sup>

Þrátt fyrir að aðrar kenningar innan alþjóðastjórnamála bendi á að ríki heims séu sífellt að verða háðari hvert öðru hafa realistar eins og Kenneth Waltz sagt að í staðin fyrir að tengsl ríkja séu að vaxa, sé munurinn á milli valdamestu ríkjanna og þeirra valdaminni sífellt að aukast.<sup>21</sup>

### 2.3. Liberalismi

Uppruna liberalismans er hægt að rekja allt aftur til 17. aldar og hugmynda fræðimanna eins og John Locke. Síðan þá hefur þessi hugmyndafræði haft mikil áhrif á það hvernig lítið er á samskipti ríkja. Hugmyndir liberalismans í alþjóðasamskiptum

---

<sup>17</sup> Victoria Lennox, „Conceptualising Global Governance in International Relations“, University of Ottawa, 2007. <http://www.e-ir.info/2008/10/03/conceptualising-global-governance-in-international-relations/> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>18</sup> Lennox, *Conceptualising Global Governance in International Relations*.

<sup>19</sup> Lennox, *Conceptualising Global Governance in International Relations*.

<sup>20</sup> *Morgunblaðið*. „Kim næsti forstjóri Alþjóðabankans,“ 14. apríl 2012.

<sup>21</sup> Kenneth Waltz, „Globalisation and Governance“, PS: *Political Science and Politics*, árg. 32, útg. 4, bls. 700.

snúast um frelsi, lýðræði, frjálsan markað og að allir séu jafnir fyrir lögunum.<sup>22</sup> Liberalistar hafa aðra sýn á alþjóðastjórnsmál en realistar, þó þessar tvær kenningar eiga það sameiginlegt að vera þær lífsseigustu og saga þeirra nái langt aftur í tímann. Til eru margar tegundir af liberalismi en megininntak hans er að maðurinn leitist sífellt við að vera fullkominn. Lýðræði er nauðsynlegt til þess að þessi fullkomnun geti þróast og hugsjónir myndast. Að baki liberalismans býr trúin á framfarir mannsins.<sup>23</sup>

Liberalistar hafna þeim kenningum realista að hagsmunaaðtök einnkenni alþjóðastjórnsmálin, þeir setja einnig spurningamerki við þá hugmynd að ríkið sé aðalþátttakandinn í alþjóðastjórnsmálum. Þeir þræta hins vegar ekki fyrir það að ríkið sé mikilvægur þátttakandi en að þeirra mati leika fjölþjóðleg fyrirtæki og alþjóðleg samtök einnig lykilhlutverk í alþjóðastjórnsmálum. Liberalistar líta ekki á ríki sem einn samheldinn þátttakanda heldur er þetta samansafn margra aðila sem hver hefur sína hagsmuni. Þess vegna er ekkert til sem heitir þjóðarhagsmunir þar sem að hagsmunir ríkja fara eftir því hvaða aðili það er, innan ríkisins, sem hefur áhrif á viðkomandi stefnumál í hvert skipti.<sup>24</sup>

Liberalistar leggja mikla áherslu á möguleika á samvinnu milli ríkja og hvernig best sé hægt að koma á samvinnu í því alþjóðlega umhverfi sem núna ríkir í alþjóðasamfélaginu. Myndin sem kenningin dregur upp af heiminum er af flóknu kerfi samninga margra mismunandi þátttakanda. Þrátt fyrir að herinn skipti máli, er hann ekki jafn mikilvægur í þeirra augum og augum realista. Hagsmunir felast ekki bara í herafli heldur skipta efnahagurinn, umhverfismálin og tæknileg atriði jafn miklu máli.<sup>25</sup>

Reglan sem er við lýði í alþjóðastjórnsmálum stafar ekki af valdajafnvægi, heldur móast af fjöldamörgum atriðum líkt og lögum, samþykktum viðmiðunum, alþjóðlegum stofnunum og reglunum sem þær búa við.<sup>26</sup>

---

<sup>22</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 111.

<sup>23</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 110-111.

<sup>24</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 110-111.

<sup>25</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 5.

<sup>26</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 5.

Fullveldi er liberalistum ekki jafn mikilvægt hugtak og realistum, þó mikilvægt sé. Ríki eru lagalega fullvalda en þurfa að semja við alla aðra þátttakendur í alþjóðakerfinu sem gerir það að verkum að frelsi ríkja til þess að hegða sér eins og þau vilja skerðast verulega.<sup>27</sup>

Stofnun Alþjóðahvalveiðiráðsins er gott dæmi um hugmyndir liberalismans að búa til regluverk þar sem reynt er að hvetja til og styðja við samvinnu í alþjóðakerfi sem einkennist af stjórnleysi og samkeppni. Að mati liberalista þá einbeita realistar sér of mikið að átökum og samkeppni og gera lítið úr möguleikum á samvinnu, jafnvel þó að stjórnleysi ríki í alþjóðakerfinu. Það er ekki alltaf auðvelt fyrir ríkin að vinna saman en þau gera það samt sem áður.

Stofnanir, líkt og Alþjóðahvalveiðiráðið, hjálpa okkur að hafa stjórn á alþjóðakerfi þar sem stjórnleysi ríkir. Alþjóðastofnanir hvetja til fjölþjóðastarfs og samvinnu og hægt er að sannfæra öll ríki um að starfa saman á alþjóðavettvangi þar sem hægt er að sýna fram á að öll ríki fylgi reglunum og að samvinna þeirra leiði af sér algildan ávinning.

## 2.4. Fullveldi

Fullveldi hefur verið eitt af grundvallarhugtökum alþjóðasamskipta og allar kenningar hafa haft það í heiðri. Fullveldishugtakið er þó sérstaklega mikilvægt innan realismans og því brýnt að huga að því hvað felst í hugtakinu. Tilkomu hugtaksins er hægt að rekja til friðarsamninga sem undirritaðir voru í Vestfalíu 1648 og bundu enda á þrjátíu ára stríðið.<sup>28</sup> Umfang alþjóðastofnana í alþjóðasamfélaginu hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum og áratugum. Í kjölfarið hafa kviknað umræður um stöðu fullvalda ríkja innan þessara alþjóðastofnana.

Fullveldi er hægt að skipta í tvennt. Annars vegar er það hið innra fullveldi, sem snýr að stjórnskipan ríkisins, þ.e.a.s. að ríkið hafi einkarétt á að ráða í málum innan eigin landamæra og svo hins vegar hið ytra fullveldi, en í því felst að ríki hafi rétt til að koma fram út á við gagnvart öðrum ríkjum og taka þátt í starfi alþjóðastofnana.<sup>29</sup> Hins vegar verður að telja, í kjölfar þeirrar alþjóðavæðingar sem hefur átt sér stað, að hefðbundinn skilningur á fullveldi eigi ekki alltaf við. Svo virðist sem að í kjölfar

---

<sup>27</sup> Baylis, Smith og Owens, *The globalization of world politics: An introduction to international relations*, 5.

<sup>28</sup> Brown, *Understanding international relations*, 125.

<sup>29</sup> Eiríkur Bergmann, „Glatast fullveldi við aðild að Evrópusambandinu?“, *Fréttablaðið*, 20. desember 2009.

aukinnar þátttöku þjóða í alþjóðasamfélaginu og síaukinna samskipta þjóða á milli hafi komið til ákveðið framsal fullveldis.

Gott dæmi um það er Evrópusambandið, en það leikur tveimur skjöldum hvað fullveldið varðar. Það er runnið undan rifjum fullvalda ríkja og var skapað með frjálsum samningum milli aðildarríkjanna. Hins vegar gengur það oft á tíðum gegn hefðbundnum skilning á fullveldi þar sem að samningarnir sem ríkin hafa gert sín á milli hafa grafið undan lagalegu fullveldi ríkjanna. Evrópusambandið er ný og einstök stofnun en hún mun starfa með, en ekki skipta út, hinu fullvalda kerfi sem ríkjandi kerfi í alþjóðasamskiptum.<sup>30</sup>

Þeir alþjóðasamningar sem fullvalda ríki gera binda ekki borgarana að lögum að því gefnu að þeim hefur ekki verið veitt lagagildi í viðkomandi landi. Samkvæmt almennt viðurkenndum lögskýringarsjónarmiðum er litið svo á að alþjóðasamningar geti þó haft veruleg áhrif í landsrétti ríkja. Það þarf hinsvegar að taka tillit til ákveðinna lögskýringarreglna svo sem þeirrar grundvallarreglu, sem byggist á réttarvenju, að ríki leitast jafnan við að skýra löggjöf sína í samræmi við þjóðarrétt en ekki í andstöðu við hann. Einnig er regla sem á rót að rekja til þjóðarréttar talin hluti af landsréttinum ef hún gengur ekki í berhögg við hann.<sup>31</sup>

Hefðbundin skilgreining á orðinu fullveldi, það er að ríkið hafi einkarétt á að ráða málefnum innan eigin landamæra, á ekki alltaf við í nútímasamfélagi. Ríki hafa skuldbundið sig að þjóðarrétti til þess að fylgja þeim ákvörðunum sem alþjóðlegar stofnanir taka og með því framselt eiginlegt ákvörðunarvald sitt á tilteknum sviðum.<sup>32</sup>

Nærtækastu dæmin um þetta eru Evrópusambandið og Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO). Aðildarríki Evrópusambandsins hafa framselt, eða deilt, framkvæmda- og dómsvaldi sínu með öðrum ríkjum sambandsins. Aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa skuldbundið sig til þess að fara eftir ákveðnum reglum hvað varðar höft í viðskiptum og fleira. Alþjóðaviðskiptastofnunin sinnir m.a. eftirlitsþætti með viðskiptastefnu í aðildarríkjunum ásamt því að vinna að lausn

---

<sup>30</sup> Stephen D. Krasner, „Sovereignty“, *Foreign Policy*“ (2001) Útg. 122., 5.

<sup>31</sup> Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar* (1996), 146-158.

<sup>32</sup> Jean L. Cohen, „Rethinking Human Rights, Democracy, and Sovereignty in the Age of Globalization” *Political Theory*, 4. tbl. 36. árg (2008), 578.

ágreiningsmála. Stofnunin hefur valdheimildir til þess að beita þvingunar- og refsiaðgerðum gegn aðildarríki sem ekki virðir reglur þess.<sup>33</sup>

Líta verður á fullveldishugtakið út frá fleiru en einu sjónarhorni. Fullveldi er í raun tvíhliða hugtak í viðbót við það sem við áður var fjallað um, það er hið innra og ytra fullveldi. Fullveldi er tvíhliða hugtak í þeim skilningi að það er bæði lagalegt og pólitískt hugtak. Ríki er lagalega fullvalda þegar það viðurkennir ekki æðra vald innan þess eigin lögsögu. Með pólitísku fullveldi er hins vegar átt við möguleikann til þess að starfa á ákveðinn hátt og framkvæma ákveðin verkefni. Það er einn mjög mikilvægur munur á þessum sjónarhornum. Í lagalegum skilningi er land annað hvort fullvalda eða ekki, á meðan að hinn pólitíski skilningur er flóknari þar sem ríkin eru mishæf til þess að stjórna sér og það eru til ákveðin þrep pólitískra fullvalda ríkja.<sup>34</sup>

Fullveldishugtakið felur í sér að ríkið hafi einkarétt á því að ráða sínum málum innan eigin landamæra. Með því að skuldbinda sig með alþjóðasamningum hafa ríki fyrirgert þessum rétti sínum. Með alþjóðadómstólum er hægt að ákæra einstaklinga fyrir glæpi gegn mannkyni þrátt fyrir að þeir hafi verið framdir innan ríkisins. Dæmi um slíkt, er mál Slobodan Milošević, sem ákærður var fyrir tilraun til þjóðarmorðs, glæpi gegn mannkyninu og að brjóta reglur stríðs (*violations of the customs of war*). Settur var á fót sérstakur dómstóll í málefnum fyrrum ríkja Jógóslavíu og Milosevic dæmdur, þrátt fyrir að ákæruatriðin sneru að atriðum sem höfðu átt sér stað innan landamæra Jógóslavíu.<sup>35</sup> Hins vegar liggur ljóst fyrir að Milosevic og félagar fóru fyrir dóm vegna þess að Jógóslavía hafði brotnað upp og ný ríki myndast í kjölfar borgarastríðsins. Ef Milosevic hefði haldið völdum og Jógóslavía lifað af borgarastyrjöldina, er alls óvíst að hann hefði nokkur tíman verið dæmdur. Ríki ákveða sjálf hvort þau fara með sín mál til Alþjóðadómstólsins og þau þurfa ekki að taka þar til varna ef annað ríki stefnir þeim, nema þau vilji það sjálf.

Þrátt fyrir von alþjóðasamfélagsins um annað, er ómögulegt að koma í veg fyrir kúgun ríkja á eigin borgurum. Alþjóðasamfélagið getur lítil afskipti haft af innranríkismálum ríkja, eins og sést best á nýlegum atburðum á málefnum Sírlands.

---

<sup>33</sup> International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia, „ICTY – TPIY: Mandate and Jurisdiction” <http://www.icty.org/sid/320> (sótt 24. október 2012).

<sup>34</sup> Brown, *Understanding international relations*, 125.

<sup>35</sup> BBC, „The charges against Milosovic“, <http://news.bbc.co.uk/2/hi/1402790.stm> (sótt 23. apríl 2012).

## 4. Alþjóðahvalveiðiráðið

### 4.1. Uppbygging Alþjóðahvalveiðiráðsins

Alþjóðahvalveiðiráðið var stofnað árið 1948 með undirritun Alþjóðassamningsins um stjórnun hvalveiða. Í formála að samningum er rætt um þá ríku hagsmuni sem Formáli sem þjóðir heims hafi af því því að vernda þær miklu náttúruauðlindir sem hvalastofnarnir eru, fyrir komandi kynslóðir og þá staðreynd að hvalastofnarnir geti náð sér á strik ef hvalveiðar verði regluvæddar. Fjölgun í hvalastofnum mun leyfa að fleiri hvalir verði veiddir án þess að það muni leiða til þess að hvalveiðistofnarnir væru í hættu. Í formálanum kemur einnig fram að aðilar sáttmálans hafi ákveðið að sjá til þess að hvalastofnarnir nái viðeigandi stærð og gera þannig mögulega áframhaldandi þróun hvalveiðaiðnaðarins.<sup>36</sup>

Öll ríki geta orðið fengið aðild að ráðinu. Hvert ríki hefur atkvæðisrétt á árlegum fundi ráðsins, gegn því skilyrði að það sé ekki í vanskilum með árgjaldið sitt. Rétturinn til þess að vera meðlimur helst ekki í hendur við það hvort að ríkið hafi einhverja hagsmuni, beina eða óbeina, af hvalveiðum.<sup>37</sup>

Sáttmálinn kveður á um tvenns konar ályktanir af höndum ráðsins. Annars vegar eru breytingar á sáttmálanum sjálfum, en þær breytingar þurfa samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta aðildarríkjanna. Þau eru bindandi fyrir aðildarríkin nema þau mótmæli innan 90 daga. Ef aðildarríki kemur fram mótmælum innan þess tíma er ályktunin ekki bindandi fyrir það ríki. Hins vegar eru ályktanir sem nefnd eru meðmæli (e. recommendations), þau þurfa eingöngu að hljóta einfaldan meirihluta innan ráðsins til þess að öðlast gildi og eru ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Með öðrum orðum, ríkin brjóta ekki gegn sáttmálanum ef þau fylgja ekki meðmælunum, þrátt fyrir að hafa ekki borið upp mótmæli gegn þeim.<sup>38</sup>

Þrátt fyrir að ekkert sé kveðið á um Vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins í stofnsáttmála þess hefur það gegnt gríðarlega mikilvægu hlutverki í starfsemi ráðsins sem gefur til kynna hversu mikla áherslu ráðið hefur alla tíð lagt á vísindaleg rök.

<sup>36</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>37</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>38</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).



Æðsti aðilinn í hvalveiðimálum heimsins samkvæmt samningnum er ráðið sjálft (e. Commission) á fundunum sem haldnir eru einu sinni á ári. Aðalþátttakendurnir í þessum fundum eru fulltrúar aðildarþjóðanna þar sem að hver þeirra hefur eitt atkvæði. Aðildarþjóðirnar senda sendinefndir á fundi hvalveiðiráðsins og er stærð þeirra mjög mismunandi. Í sumum þeirra er einungis einn og öðrum er fjöldinn allur af fagaðilum og ráðgjöfum ásamt áhrifamönnum í iðnaðinum. Alla jafna eru stærstu sendinefndirnar frá Bandaríkjunum, Japan, Noregi og Íslandi. Einnig er kveðið á um þátttöku eftirlitsmanna sem ekki eru í ríkjum sem og frjálsra félagasamtaka (e. NGO).<sup>39</sup> Skilgreiningin á frjálsum frjálsum félagasamtökum í þessu tilviki er tiltölulega opin og venjulega eru fulltrúar frá 60-70 frjálsum félagasamtökum viðstaddir fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins, þar á meðal fjöldi náttúruverndarsamtaka eins og Greenpeace og Shea Shepherd. En þeir hafa vitaskuld ekki atkvæðisrétt.<sup>40</sup>

## 4.2. Saga Alþjóðahvalveiðiráðsins

Þrátt fyrir að Alþjóðahvalveiðiráðið hafi upprunalega verið samtök hvalveiðipjóða og ætlað að vinna sem slíkt í þágu þeirra hagsmuna, hefur eðli og hluverk þess breyst í gegnum tíðina - að stórum hluta vegna þess að öll ríki geta gerst aðilar að ráðinu. Núna eiga 89 ríki aðild að ráðinu og meðal þeirra eru aðeins örfá sem ennþá stunda hvalveiðar.<sup>41</sup> Flest ríkin hafa því aldrei stundað hvalveiðar og, svo dæmi sé tekið, þá hefur Sviss ekki einu sinni landamæri að sjó.

Ástæðan fyrir því að þessi ríki sækjast í það að vera meðlimir í ráðinu er sú að þau aðhyllast mörg hver náttúruverndarstefnu. Einn áhrifavaldur í fjölda aðildarríkja er þrýstingur heiman frá, frá umhverfisverndunarsinum sem hvetja til þess að senda fulltrúa á fundi ráðsins sem algjörlega eru mótfallnir hvalveiðum.<sup>42</sup> Þess vegna hefur Alþjóðahvalveiðiráðið þróast úr því að vera hagsmunaráð hvalveiðiríkja yfir í að vera alþjóðlegt hvalfríðunarráð.

Það kemur þess vegna ekki á óvart að hvalveiðiríkjum finnist erfitt að finna sínum málum farvegi innan ráðsins. Þess vegna hefur þeirri hugmynd oft verið varpað fram

<sup>39</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>40</sup> International Whaling Commission, „Annual Meetings“ <http://www.iwcoffice.org/meetings/meetingsmain.htm> (sótt 23. apríl 2012)

<sup>41</sup> International Whaling Commission, „IWC members and commissioners,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/members.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>42</sup> Bollwer, Jan, Leslie Spencer og Richard C. Morais, „The Not So Peaceful World of Greenpeace,“ *Financial Times*, 11. október 1991. <http://ufdcweb1.uflib.ufl.edu/WL00001269/00001/1j> (sótt 24. apríl 2012).

að hvalveiðipjóðir Alþjóðahvalveiðiráðsins segi sig úr ráðinu og stofni nýjan vettvang þar sem að hagsmunir hvalveiðipjóða ráði för, líkt og Alþjóðahvalveiðiráðinu var upphaflega ætlað.

Í formála stofnsáttmálans eru talin upp sjö atriði sem að ríkisstjórnir aðildarríkjanna samþykkja:

1. Viðurkenningu á því að þjóðir heimsins hafa hagsmuni af því að vernda þær náttúruauðlindir sem hvalirnir eru fyrir komandi kynslóðir.
2. Viðurkenningu á því að saga hvalveiða hefur verið saga ofveiða á hverju svæðinu á fætur öðru og hverri tegundinni á fætur annarri. Nauðsynlegt er að vernda allar tegundir hvala frá frekari ofveiði.
3. Viðurkenningu á því að hvalastofninn er næmur fyrir náttúrulegri fjölgun ef reglur um hvalveiðar eru teknar upp og fjölgun hvalastofnsins leiðir það af sér að fleiri hvali er hægt að veiða án þess að setja þessa náttúruauðlind í hættu.
4. Viðurkenningu á því að það sé hagur allra að ná upp æskilegri stærð hvalastofna eins fljótt og auðið er án þess að valda efnahagslegum og næringarlegum vandamálum hjá hvalveiðipjóðum.
5. Viðurkenningu á því að til þess að ná þessum markmiðum ættu hvalveiðar að einskorðast við þær tegundir sem best geta brugðist við veiðunum, til þess að veita öðrum tegundum tækifæri á að fjölga sér.
6. Viðurkenningu á að vilji sé fyrir hendi að koma á alþjóðlegu regluverki sem sér til þess að viðhalda stærð og þróun hvalastofna.
7. Viðurkenningu á þessum samning sem sér fyrir almennilegu viðhaldi hvalastofna og geri þar með þróun hvalveiða mögulega. hvalveiða.<sup>43</sup>

Geta Alþjóðahvalveiðiráðsins til þess að koma á regluverki varðandi kvóta á hvalveiðum gaf ráðinu sveigjanleika sem að fyrri samninga um hvalveiðar skorti. Samt sem áður einkenndist tímabilið frá stofnun ráðsins til ársins 1960 af eilífum deilum milli aðildarríkjannaog síendurteknum hótunum einstakra ríkja um að yfirgefa ráðið.<sup>44</sup>

<sup>43</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sótt 23. apríl 2012).

<sup>44</sup> D’Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

Fimmtán ríki tóku þátt á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1959. Fundurinn einkenndist af miklum deilum vegna kvóta og hótuðu Hollendingar ásamt Norðmönnum og Japönnum að segja sig úr ráðinu.<sup>45</sup> Úr því varð hins vegar ekki. Þetta styður þau rök realista að ríki séu í alþjóðasamvinnu til þess að hámarka eigin hagnað og hugsa fyrst og fremst um sína eigin hagsmuni.

Á 7. áratugnum einkenndist Alþjóðahvalveiðiráðið af því að þjóðir gættu nær eingöngu að efnhagslegum hagsmunum sínum. Gengið var í sífelli framhjá ráðgjöf Vísindaráðsins og árangur ráðsins var eftir því. Þau þrjú atriði sem skiptu einhverju máli voru innleiðing kerfis sem gerði eftirlitsmönnum kleift að fylgjast með skipum (e. international observer scheme), árið 1963, bann við nýtingu á hnúfubak og bann við að veiða steypireyð, sem komið var á 1964. Alþjóðahvalveiðiráðið náði hins vegar ekki markmiði sínu að viðhalda hvalastofninum eins og hann var árið 1946.<sup>46</sup>

### 4.3. Verndarstefna sækir á

Á áttunda áratugnum varð mikil vitundarvakning í náttúruvernd. Árið 1970 kom Alþjóðahvalveiðiráðið á þeirri meginreglu að sjá til þess að hvalveiðistofnarnir myndu aftur ná fyrri stærð. Þessi regla var tiltölulega varfærnisleg þar sem engin tímamörk voru sett til þess að ná markmiðinu og voru hvalveiðar áfram leyfðar þótt bati hvalastofnanna væri ekki fullnægjandi.<sup>47</sup> Þrátt fyrir það var hún áfangi á leið til verndarstefnu sem átti eftir að koma æ meira við sögu ráðsins þegar á leið öldina.

Sumarið 1972 var haldin í Stokkhólmi ráðstefna um umhverfismál á vegum Sameinuðu þjóðanna. Markmiðið með ráðstefnunni var fyrst og fremst að greina þau vandamál sem voru til staðar og samræma lausnir. Ráðstefnunni var ekki ætlað að búa til, né hvetja til einherrar ákveðinnar áætlunar til þess að leysa vandamálin sem steðjuðu að þjóðum heimsins um samskipti mannsins við náttúruna. Ein af fjöldamörgum nefndum sem stofnaðar voru á ráðstefnunni mælti með tíu ára veiðibanni á hvölum svo að hvalastofninn gæti náð sér að fullu. Verndunarsjónarmiðin sem réðu ríkjum á ráðstefnunni byggðu á þeirri hugmynd að

<sup>45</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>46</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>47</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

maðurinn bæri ábyrgð á því að arfleidd náttúrunnar yrði stjórnað skynsamlega.<sup>48</sup> Vísindaráð Alþjóðahvalveiðiráðsins var hins vegar nýbúið að benda á að algjört hvalveiðibann væri ekki réttlætanlegt út frá vísindalegu sjónarmiði. Tillaga nefndarinnar hlaut góðar undirtektir og greiddu fulltrúar Íslands þeim atkvæði sitt. Þar með höfðu Íslendingar tekið ábyrgð á viljayfirlýsingu um stöðvun hvalveiða um sinn. Eingöngu Japanir mótmæltu hvalveiðibanninu.<sup>49</sup>

Á upphafi áttunda áratugarins voru hvalstofnar á Suðurskautinu í svo slæmu ásigkomulagi að þrátt fyrir algjört bann á hvalveiðum á því svæði þótti ljóst að það tæki langreyðastofninn 15 ár að ná sér að fullu og steypireyðastofninn 50 ár.<sup>50</sup> Á þeim tíma voru efasemdir um að Alþjóðahvalveiðiráðið hefði bolmagn til að regluvæða og banna hvalveiðar að fullu. Fram komu hugmyndir sem hvöttu Sameinuðu þjóðirnar að taka yfir lögsöguna og þar með stjórnina á hvalveiðum.<sup>51</sup> Þær tillögur hefðu hugsanlega breytt einhverju í ljósi stærðar og styrks Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir að þessar tillögur hafi aldrei hlotið formlegt brautargengi í ráðinu hjálpuðu þær til við að auka þrýstinginn á Alþjóðahvalveiðiráðið að breyta stefnu sinni og jafnvel íhuga að taka upp tillöguna frá Sameinuðu þjóðunum. Þær kváðu á um tímabundið 10 ára bann á hvalveiðum.<sup>52</sup> Stokkhólms-ráðstefnan var því ákveðinn vendipunktur fyrir verndunarstefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Næstu fimm ár logaði allt í deilum í Alþjóðahvalveiðiráðinu milli hvalveiðipjóða og þeirra sem litlar eða engar hvalveiðar stunduðu. Síðarnefndu þjóðirnar reyndu að breyta upphaflegri stefnu sambandsins og koma á algjöru hvalveiðibanni.<sup>53</sup> Árið 1973, í tuttugasta og fimmta skipti sem ráðið hittist, ítrekaði Vísindaráðið afstöðu sína til hvalveiðibanns. Það sagði engin líffræðileg rök vera til staðar sem rökstyddu algjört bann og að slíkt bann myndi ganga gegn markmiðum stofnsáttmálans. Þetta

---

<sup>48</sup> United Nations Environmental Programme, „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment,“ <http://www.unep.org/Documents.Multilingual/Default.asp?DocumentID=97&ArticleID=1503&l=en> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>49</sup> Guðrún Helgadóttir. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altxt/111/r0/0103.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>50</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>51</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>52</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>53</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

dró athyglina að skorti á vísindalegum rökum fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem hvalveiðar ættu að hafa á vistkerfið.

Á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1974 vildu Bandaríkjamenn ásamt fleirum keyra 10 ára hvalveiðibannið í gegn. Þrátt fyrir að þeirri tillögu hafi verið hafnað náðu verndunarsinnar að koma á málamiðlun sem gekk mjög langt til móts við afstöðu þeirra. Matvæla og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (e.FAO), Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (e. UNEP) og Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum (e. IUCN) var núna leyft að koma með formlegar athugasemdir í hvert skipti sem þeim var boðið á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins og virk þátttaka þessara stofnana var lykillinn að frekari verndunarstefnu hvalveiðiráðsins.<sup>54</sup>

Á fyrsta fundi 9. áratugarins, árið 1980, lá ljóst fyrir að algjört hvalveiðibann yrði aðalmálefni næstu ára. Það ár voru þrjár mismunandi tillögur lagðar fram sem sneru að hvalveiðibanni; hvalveiðibann á heimsvísu, bann á hvalveiðum í atvinnuskyni og bann við veiðum á búrhvölum.<sup>55</sup> Fyrsta tillagan var upphaflega lögð fram af Ástralíu árið 1979 - en á þeim tíma hafði Ástralía innleitt í lög ákvæði sem bannaði að drepa, fanga eða meiða hvali innan 200 sjómílna landhelgi þeirra. Ári síðar bönnuðu þeir allan innflutning á hvalaafurðum.<sup>56</sup> Tillaga Ástralíu var íhuguð af ráðinu en efnahagslegir hagsmunir aðildarríkjanna gerðu það að verkum að tillagan var ekki samþykkt. Tillagan hefði leitt til beins taps á yfir 7000 störfum og óbeint á yfir 35000 störfum á heimsvísu.<sup>57</sup> Báðar tillögur Bandaríkjanna um bann við hvalveiðum í atvinnuskyni og bann á veiðum á búrhval fengu ekki nægilegan stuðning innan ráðsins. Til þess að þær tillögur hefðu náð fram að ganga þurfti stuðning ¾ hluta ráðsins.

Næsti fundur Alþjóðahvalveiðiráðsins, árið 1981, leiddi af sér fjölgun aðildarríkja um 33% og átti Greenpeace þar stóran hlut að máli. Náttúruverndarsamtökin horfðu til fátækra ríkja og smárra ríkja sem nýlega höfðu hlotið sjálfstæði, líkt og Antígva og

---

<sup>54</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“

<http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>55</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“

<http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>56</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“

<http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>57</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“

<http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

Sankti Lúsía. Samtökin undirbjuggu samninga fyrir ríkin, greiddu aðildargjaldið og komu sínum mönnum að í ráðinu.<sup>58</sup>

Þessi smáríki ásamt öðrum nýjum aðildarríkjum, eins og Kosta-Ríka og Indlandi, fylgdu ákveðinni verndarstefnu. Fjölgunin gerði það að verkum að verndunarsjónarmiðin hlutu meira vægi innan ráðsins. Stóra-Bretland, auk Bandaríkin, Svíþjóð, Frakkland og Nýja-Sjáland reyndu að koma á alþjóðlegu banni við hvalveiðum en sem fyrr, náðist ekki sá  $\frac{3}{4}$  meirihluti sem til þurfti. Önnur tillaga Breta um ótímabundið bann í Norður-Atlantshafi náði heldur ekki í gegn. Ekki heldur tillaga um ótímabundið bann við veiðum á uppsjávarfisktegundum né tillagan um bann við hvalveiðum í atvinnuskyni í áföngum sem næðu yfir fimm ára tímabil. Einungis var samþykkt tillaga um ótímabundið bann við veiðum á búrhvölum.<sup>59</sup>

#### 4.4. Hvalveiðibanni komið á 1982

Átta ný ríki sem enga hvali veiddu gengu inn í Alþjóðahvalveiðiráðið fyrir 34. fundinn árið 1982. Það voru Seychelles eyjar sem komu með tillögu að núllkvóta sem koma myndi á í áföngum. Þetta átti að auðvelda hvalveiðipjóðum að hætta veiðum auk þess sem kerfinu var ætlað að koma í veg fyrir útrýmingu hvalastofna í heiminum. Á sama tíma myndi þetta tryggja framtíð Alþjóðahvalveiðiráðsins og styrkja það sem bandalag þeirra þjóða sem skuldbundið hefðu sig til þess að vernda hvali. Tillaga þessi gerði ráð fyrir núllkvóta á allar hvalveiðar í atvinnuskyni á árinu 1986 með fyrirvara um endurskoðun sem átti að fara fram síðar. Hvalveiðiríkjum voru gefin þrjú ár til þess að hætta hvalveiðunum og takast á við efnahagslegar afleiðingar hvalveiðibannsins. Frumbyggjaveiðar Inúíta í Kanada, Alaska, Grænlandi og Síberíu voru undanskyldar banninu.<sup>60</sup> Sjö þjóðir mótmæltu þessu banni á fundinum og á næsta fundi ráðsins báru fjórar þjóðir upp formleg mótmæli, Japan, Noregur, Perú og Sovétríkin (Perú dró síðar mótmæli sín til baka). Þessar þjóðir voru því ekki skuldbundnar af banninu. Brasilía, Ísland, Kórea og Síle báru ekki upp formleg mótmæli, þrátt fyrir að hafa mótmælt banninu á fundinum árinu áður.<sup>61</sup>

<sup>58</sup> Leslie Spencer, Jan Bollwerk and Richard C. Morais, „The Not So Peaceful World of Greenpeace,“ *Financial Times*, 11. október 1991. <http://ufdcweb1.uflib.ufl.edu/WL00001269/00001/1j> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>59</sup> D'Amato og Chopra, „Whales: Their emerging right to live,“ <http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>60</sup> International Whaling Commission, „Catch limits & catches taken“ <http://iwcoffice.org/conservation/catches.htm> (sótt 23. Apríl 2012).

<sup>61</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 17.

## 5. Ísland og Alþjóðahvalveiðiráðið

### 5.1. Ákvörðun um að mótmæla ekki hvalveiðibanni

Miklar deilur spunnust á Íslandi um það hvort mótmæla ætti banninu eða ekki. Væri mótmælum Íslendinga ekki komið á framfæri við Alþjóðahvalveiðiráðið fyrir 1. febrúar 1983 var litið svo á að Íslendingar hafi samþykkt bannið. Mótmæltu Íslendingar, væru þeir óbundnir af samþykktum ráðsins. Á Alþingi var borin framþingsályktunartillaga þar sem kveðið var á um að „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algjört bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986“. Utanríkismálanefnd tók tillöguna til umfjöllunar. Skiptar skoðanir voru innan þingsins um tillöguna og flokkadrættir mynduðust ekki um tillögunina þar sem stuðningsmenn hennar komu úr öllum flokkum. Hins vegar var óeining innan ríkisstjórnarinnar þar sem að ráðherrar Alþýðubandalagsins vildu ekki mótmæla, ólíkt öðrum ráðherrum. Niðurstaðan varð sú að meirihluti utanríkisnefndar lagði til að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða yrði ekki mótmælt af hálfu Íslands.<sup>62</sup> Minnihlutinn lagði til að banninu yrði mótmælt.<sup>63</sup>

Ríkisstjórn Íslands fjallaði um málið og á grundvelli þeirrar umræðu tók sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, þá ákvörðun að mótmæla banninu. Hann lýsti því hins vegar yfir að ef Alþingi óskaði eftir því að taka aðra afstöðu í málinu myndi hann lúta henni.<sup>64</sup>

Sjónarmið þeirra sem vildu mótmæla banninu voru margþætt. Þau voru efnahagsleg auk þess sem bannið var sagt ganga þvert á það sem vísindaráð hvalveiðiráðsins héldi fram og of mikið tillit væri tekið til mótmæla hvalfríðunarsinna. Fullveldissjónarmið komu einnig fram og flutningsmaður þingsályktunartillögunar sagði m.a. í ræðu sinni í þingsal: „Við skulum líka hafa það í huga, þegar við fjöllum um þetta mál, að þessar hvalveiðar eru alfarið stundaðar á íslensku yfirráðasvæði, þ.e. innan 200 mílna

<sup>62</sup> Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um mótmæli gegn hvalveiðibanni, 294. nefndarálit, 91. mál, 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/105/s/pdf/0294.pdf> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>63</sup> Geir Hallgrímsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1407&lthing=105&dalkur=1662> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>64</sup> *Morgunblaðið*, „Hvalveiðibannið utan dagskrár á Alþingi,“ 2. febrúar 1983.

fiskveiðilögsögu Íslands, og það er því okkar mál hvað gerist á þeim hafsvæðum varðandi nýtingu fiskstofna og annarra nýtanlegra stofna.“<sup>65</sup>

Á þessum tíma var framleiðsla Hvals hf. um 8 þúsund tonn afurða á ári og hlutdeild hvalaafurða Hvals hf. í útflutningi sjávarafurða hafði á þeim tíma verið tæplega 1,5%. Hlutur hvalafurða var talinn vera um 1,3% af útflutningstekjum þjóðarinnar, eða um tíu milljónir Bandaríkjadala. Þar að auki unnu á þeim tíma um 230 manns hjá fyrirtækinu. Hvalveiðar voru eina grein sjávarútvegsins á þessum tíma sem aldrei hafði notið neinna ríkisstyrkja og veiðum á hvölum hafði verið stjórnað frá því 1947.<sup>66</sup>

Því var haldið fram þegar að bannið var í lög leitt að veiðar á hvölum hefðu ávallt verið stundaðar undir eftirliti Vísindaráðs Hvalveiðiráðsins. Engar tölur bentu heldur til þess að einhver ofveiði væri stunduð. Í 2. málsgrein 5. greinar alþjóðasáttmálans um stjórnun hvalveiða segir að ákvarðanir um hvalveiðar skuli vera byggðar á vísindalegum niðurstöðum.<sup>67</sup>

Íslensk stjórnvöld höfðu á þessum tíma þá skoðun að heimilt væri að nýta hvali líkt og önnur dýr í vistkerfinu. Þessi nýting átti hins vegar að vera framkvæmd í samræmi við niðurstöður vísindamanna um það hve mikið hægt væri að nýta hvern hvalastofn fyrir sig. Leggja átti mikla áherslu á aukna vísindalega þekkingu á hvalastofnunum og hana væri best hægt að öðlast með alþjóðlegri samvinnu undir stjórn Alþjóðahvalveiðiráðsins. Rannsóknir sýndu enn fremur að veiðar Norðmanna og Sovétmanna í Barentshafi námu 2,6 milljónum lesta af þorski og loðnu en á sama tíma var talið að sela- og hvalstofninn æti þrjár til fimm milljónir lesta af fiski á sömu slóðum.<sup>68</sup>

Auk þessara sjónarmiða lögðu Alþingismenn mikla áherslu á það að Alþingi Íslendinga ætti ekki að láta erlenda þrýstihópa segja sér fyrir verkum. Auk þess ætti Ísland ekki að láta undan hótunum annarra þjóða, það samræmdist ekki tilveru

---

<sup>65</sup> Eiður Guðnason. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1337&lthing=105&dalkur=1570\\_\(sott 24. april 2012\)](http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1337&lthing=105&dalkur=1570_(sott 24. april 2012)).

<sup>66</sup> Eiður Guðnason. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1337&lthing=105&dalkur=1570\\_\(sott 24. april 2012\)](http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1337&lthing=105&dalkur=1570_(sott 24. april 2012)).

<sup>67</sup> International Whaling Commission, „The Convention,“ <http://www.iwcoffice.org/commission/convention.htm> (sott 23. apríl 2012).

<sup>68</sup> *Morgunblaðið*, „Hvalur og selur éta helmingi meiri fisk en fiskimenn veiða,“ 2. febrúar 1983.



sjálfstæðs ríkis. Veiðarnar færu alfarið fram á íslensku yfirráðasvæði, þ.e.a.s. innan 200 mílna fiskveiðilögsögu landsins.<sup>69</sup>

Sjónarmið þeirra sem vildu að Íslendingar mótmæltu ekki banninu voru fyrst og fremst þau að Íslendingar ættu það á hættu að missa af mikilvægum fiskmörkuðum auk þess sem að Íslandi hefði ætíð lagt mikla áherslu á að hlíta alþjóðlegum samþykktum um nýtingu á auðlindum hafsins.<sup>70</sup>

Við mótmæli Norðmanna og Kóreumanna hótuðu Bandaríkjamenn þessum löndum viðskiptabanni með tilvísun til lagaákvæðis sem kallaðist *Pelly Amendment*.<sup>71</sup> Þetta ákvæði gerði það að verkum að Bandaríkin bönnuðu þessum þjóðum að flytja inn fisk til landsins. Stjórnvöld í Bandaríkjunum gerðu þetta til þess að sveigja stefnu Noregs og Kóreu í átt að stefnu Bandaríkjamanna. Sovétríkin voru ónæg fyrir þessu ákvæði þar sem þau fluttu ekki út neinn fisk til Bandaríkjanna. Þetta ákvæði kvað á um að forseti Bandaríkjanna hefði heimild til þess að stöðva allan innflutning á fiski frá þeim þjóðum sem virtu ekki ákvarðanir Alþjóðahvalveiðiráðsins. Annað ákvæði Bandaríkjaþings, svokallað *Peckwood-Magnusson* ákvæði, segir að viðskiptaráðherra Bandaríkjanna sé heimilt að svipta erlend ríki veiðiréttindum innan bandarískrar lögsögu virði þau ekki ákvarðanir Alþjóðahvalveiðiráðsins.<sup>72</sup>

Á Alþingi Íslendinga lýstu menn yfir áhyggjum yfir tilvonandi viðskiptaþvingunum Bandaríkjanna og töldu margir að þrátt fyrir að Íslendingar hefðu vissulega rétt til þess að veiða hvali, þá þyrftu minni hagsmunir að víkja fyrir hinum ríkari.<sup>73</sup>

Eins og áður sagði voru skiptar skoðanir innan þingsins og líka ríkisstjórnarinnar. Iðnaðarráðherra bókaði á sínum tíma á fundi ríkisstjórnarinnar skoðun Alþýðubandalagsmanna á málefnum og skipti hann því í fimm hluta. Í fyrsta lagi væri mikil óvissa um ástand hvalastofna við landið vegna ófullnægjandi rannsókna. Í öðru lagi myndu mótmæli Íslendinga veikja stöðu þeirra aðila á alþjóðavettvangi sem börðust gegn ofveiði hvalastofna á öðrum hafsvæðum. Í þriðja lagi myndu mótmælin

<sup>69</sup> Eiður Guðnason. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702\\_\(sott 24. april 2012\)](http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702_(sott 24. april 2012)).

<sup>70</sup> Halldór Ásgrímsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702\\_\(sott 24. april 2012\)](http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702_(sott 24. april 2012)).

<sup>71</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 27.

<sup>72</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 27.

<sup>73</sup> Halldór Ásgrímsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, [http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702\\_\(sott 24. April 2012\)](http://www.althingi.is/altxt/gomulraeda.php4?rnr=1427&lthing=105&dalkur=1702_(sott 24. April 2012)).

gera Íslendingum erfiðara að ná fram skynsamlegri stjórnun á nýtingu þeirra fiskistofna sem flakka á milli lögsögusvæða þjóða á Norður-Atlantshafi. Í fjórða lagi væru miklu stærri hagsmunum stefnt í voða og í fimmta lagi hefðu Íslendingar kost á að meta afstöðu sína til hvalveiða og Alþjóðahvalveiðiráðsins á næstu árum.<sup>74</sup>

Aðaláhbyggjuefni þingmanna voru því hagsmunir sjávarútvegsins. Allt að 74% af öllum frystum sjávarafurðum voru flutt til Bandaríkjanna og mikil vinna lá að baki því að ná inn á þennan markað. Álit almennings í Bandaríkjunum væri erfitt að eiga við og þrýstingur náttúruverndasamtaka væri óhjákvæmilegur.<sup>75</sup>

Að lokum hljóðaði þingsályktunartillagan sem hér segir: „Alþingi ályktar að samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun hvalveiða sem kunngerð var með bréfi til ríkisstjórnarinnar dags. 2. sept. 1982, verði ekki mótmælt af Íslands hálfu.“<sup>76</sup> Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þannig að 29 studdu tillöguna, en 28 kusu gegn henni.<sup>77</sup>

## 5.2. Deilur við Bandaríkjamenn

Þegar saga Alþjóðahvalveiðiráðsins er skoðuð sést að Bandaríkjamenn hafa verið ráðandi innan þess. Eftir að náttúruverndarsinnar náðu að koma sínum hagsmunum á framfæri innan Bandaríkjanna breyttist framferði þeirra gagnvart þeim þjóðum sem stunduðu hvalveiðar.<sup>78</sup> Þetta er dæmigert fyrir hlutverk stórveldis samkvæmt kenningum um alþjóðlegt yfirvald (e. global governance). Stór ríki eru gjarnan í lögregluhlutverkinu og Bandaríkin notuðu þau tæki og tól sem þau bjuggu yfir, líkt og viðskiptaþvinganir, til þess að koma sínum sjónarmiðum í gegn.

Lagaákvæði eru í gildi í Bandaríkjunum sem gera bandarískum stjórnvöldum kleift að beita efnahagslegum refsiaðgerðum gegn ríkjum standa í vegi fyrir alþjóðlegri, veiðiverndun. (e. International Fishery Conservation Program).<sup>79</sup>

<sup>74</sup> Hjörleifur Guttormsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1408&lthing=105&dalkur=1664> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>75</sup> Guðmundur Karlsson. Hvalveiðibann, 1. umræða. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1416&lthing=105&dalkur=1688> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>76</sup> Þingsályktun um hvalveiðibann, þskj. 308, 91. mál, 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/105/s/pdf/0308.pdf> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>77</sup> Atkvæðagreiðsla. Hvalveiðibann, 91. mál. 1983. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=1423&lthing=105&dalkur=1701> (sótt 24. apríl 2012).

<sup>78</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 27.

<sup>79</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 27-28.

Ef viðskiptaráðherra Bandaríkjanna telur að ríki vinni gegn áætlun þeirra um alþjóðlega veiðiverndun ber honum skylda til þess að upplýsa forseta Bandaríkjanna um það. Forseta ber þá að leggja strax takmarkanir á fiskveiðiréttindi viðkomandi ríkis innan lögsögu Bandaríkjanna, ef viðkomandi ríki hefur einhver slík réttindi, og hann hefur jafnvel möguleikann á að afnema þau með öllu. Innan 60 daga verður hann einnig að taka ákvörðun um það hvort að hann ætli að setja takmarkanir á innflutning sjávarafurða frá ríkinu. Ákveði hann að setja ekki þessar takmarkanir, eða takmarkar innflutning aðeins að hluta, er hann skuldbundinn til að útskýra sjónarmið sín fyrir fulltrúapönginu í lok þessara 60 daga.<sup>80</sup>

Ályktun Alþjóðahvalveiðiráðsins frá árinu 1982 um hvalveiðibannið var komið á árið 1986. Þær vísindaveiðar sem Íslendingar stunduðu á þeim tíma féllu ekki undir eitt helsta skilyrðið sem sett var um vísindaveiðar í rannsóknarskyni vegna sölu þeirra á hvalkjöti til Japan. Þar af leiðandi uppfylltu Íslendingar forsendur bandarísku laganna. Umhverfisverndunarhópar í Bandaríkjunum þrýstu á bandaríska viðskiptaráðherrann að grípa til aðgerða, sem hann og hótaði að gera.<sup>81</sup>

Þrátt fyrir allt þetta komust Ísland og Bandaríkin að samningi um útflutning á 49% af hvalakjötinu án þess að þessi vottun yrði að veruleika. En ári síðar lögðu fulltrúar Bandaríkjanna innan Hvalveiðiráðsins fram tillögu þess efnis að hvalveiðar í vísindaskyni skyldu takmarkaðar enn frekar. Samkvæmt þessari tillögu var það lagt í hendur ráðsins að ákveða hvort að ákveðnar veiðar sem sóst var eftir í rannsóknarskyni yrðu bannaðar eða leyfðar eftir að tekið hafi verið mið af tillögum vísindaráðsins. Þessi tillaga var samþykkt. Önnur tillaga var einnig samþykkt þar sem íslensk stjórnvöld voru hvött til þess að afturkalla leyfi sitt til vísindahvalveiða.<sup>82</sup>

Íslensk stjórnvöld fóru ekki leynt með það að þessar deilur við Bandaríkjamenn myndi hafa áhrif á aðra þætti í samskiptum ríkjanna. Mikilvægust af hálfu Bandaríkjanna var samvinna þeirra innan NATO og varnarsamningurinn sem var þá í gildi. Utanríkisráðherra minnti Bandaríkjamenn ítrekað á könnun í dagblaði sem sýndi fram á minnkandi stuðning við veru varnarliðsins á Íslandi.<sup>83</sup>

---

<sup>80</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 27.

<sup>81</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 32.

<sup>82</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 36.

<sup>83</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 30-31.

Formlegur samningur, Ottawa-samningurinn, var gerður milli Íslands og Bandaríkjanna í september 1987, þar sem að viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna samþykkti að mæla ekki með aðgerðum gegn Íslendingum vegna vísindahvalveiða þeirra. Þetta samþykki var háð því að Ísland myndi fylgja ráðum Vísindaráðs Alþjóðahvalveiðiráðsins. Enn fremur myndu ríkin tvö vinna í sameiningu að tillögum um vinnulag ráðsins til þess að auka trú á því og vísindalegum niðurstöðum á vegum þess. Fulltrúar Íslands og Bandaríkjanna hittust síðar til þess að ræða þessar hugmyndir um sameiginlega tillögu að vinnulagi Vísindaráðsins. Sú vinna komst, aldrei af umræðustigi.<sup>84</sup>

Fundur Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1988 komst að þeirri niðurstöðu að veiðar Íslendinga uppfylltu ekki öll skilyrði ráðsins um veiðar í rannsóknarskyni vegna sölu þeirra á hvalakjötinu til útlanda. En í þetta skipti ákvað ráðið að hvetja ekki Íslendinga til að afturkalla leyfi til vísindaveiða. Þó báðu ríkin um skýrslu fyrir næsta ár um hvalveiðar Íslendinga. Fulltrúar bandarískra og íslenskra stjórnvalda héldu fundi í Reykjavík í kjölfarið af þessari ályktun ráðsins. Þar var ákveðið að minnka kvótann frá fyrra ári og bandaríska viðskiptaráðuneytið lofaði að koma þessari vottun ekki á.<sup>85</sup>

Á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins árið 1989 var samþykkt ályktun um vísindahvalveiðar Íslendinga. Í þetta skipti bað þó ráðið Íslendinga að endurskoða vísindaveiðar sínar á langreyðum í ljósi athugasemda Vísindaráðsins. Íslendingar endurskoðuðu kvótann í tilefni þessu og kláruðu vísindaveiðar sínar án þess að eiga á hættu viðskiptaþvinganir af hálfu Bandaríkjanna.<sup>86</sup>

### 5.3 Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu

Hvalveiðibannið átti upphaflega að vera tímabundið - frá 1986 til 1990. Samkvæmt því átti bannið að vera byggt á bestu vísindalegum rannsóknum og endurskoðað í síðasta lagi árið 1990. Það var að einhverju leyti með þessum rökum sem Ísland ákvað að mótmæla ekki banninu. Ísland gerði þess vegna ráð fyrir að bannið yrði endurskoðað árið 1990 og kvótar yrðu settir á í ljósi nýrri og betri upplýsinga um hvalastofna í Norður-Atlantshafinu. Það var ekki gert.<sup>87</sup>

<sup>84</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 63-64.

<sup>85</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 62-63.

<sup>86</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 78 og 79.

<sup>87</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

Þann 27. desember 1991 tilkynnti ríkisstjórn Íslands að Íslendingar hygðust ganga úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Sú ákvörðun var fyrst og fremst tekin á þeim grundvelli að ráðið þjónaði ekki lengur tilgangi sínum og væri hætt að starfa í samræmi við stofnsáttmála ráðsins. Sérstaklega hélt Ísland þeim sjónarmiðum á lofti að ráðið hefði ítrekað gengið gegn ráðum eigin vísindaráðs sem sagði að hvalastofn margra tegunda væri í góðu lagi.<sup>88</sup>

Sjávarútvegsráðherra taldi úrsögnina tryggja rétt Íslendinga til þess að nýta auðlindir sjávar og stunda hvalveiðar, eitt af mikilvægustu verkefnum sem þjóðin stæði frammi fyrir. Enn fremur taldi hann að með úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu skapaðist svigrúm til þess að ná þeim markmiðum sem Íslendingar stefndu um nýtingu á öllum auðlindum hafsins.<sup>89</sup>

Við úrsögnina lá ljóst fyrir að Alþjóðahvalveiðiráðið þjónaði ekki hagsmunum Íslendinga. Íslendingar vildu veiða hvali og sögðu sig þar af leiðandi úr ráðinu. Þetta er beintengt hugmyndum realista um að ríki séu í alþjóðasamstarfi til þess að hámarka eigin hagnað; sjái þau ekki hag sínum borgið innan tiltekinna alþjóðastofnana, þá gangi þau úr þeim.

Með úrsögn sinni ítrekaði samt ríkisstjórnin að engin ákvörðun hefði verið tekin varðandi endurupptöku hvalveiða á Íslandi og að fyrst og fremst yrði lögð áhersla á að stofna svæðissamtök sem myndu sjá um regluverk á hvalveiðum á Norður-Atlantshafinu.<sup>90</sup>

Í tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins kom fram að Ísland væri mjög háð heilbrigði og framleiðni sjávarins í kringum landið. Hvalir hafa mikilvæg áhrif á vistkerfið, sér í lagi þar sem þeir éta meira af fisk heldur en sjómennirnir veiða. Hvalir væru auðlind sem bæri að nýta líkt og aðrar auðlindir.<sup>91</sup>

Sjávarútvegsráðherra sagði að öllum ætti að vera ljóst hvers vegna ríkisstjórnin yrði að bregðast við því að Alþjóðahvalveiðiráðið væri ekki lengur rétti farvegurinn til þess að vinna að stjórnun hvalastofna á svæðinu. Það væri ljóst að Ísland hefði enga

---

<sup>88</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

<sup>89</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

<sup>90</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

<sup>91</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

aðra möguleika en að leita samstarfs við önnur ríki og koma á nýrri stofnun fyrir Norður-Atlantshafið.<sup>92</sup>

Við brotthvarf Íslands úr Hvalveiðiráðinu lagði íslenska ríkisstjórnin áherslu á að hún myndi virða markmið og tilgang ráðstefnunnar frá árinu 1982 um stjórnun hvalveiða með þátttöku alþjóðlegra stofnana.<sup>93</sup>

Íslensk stjórnvöld töldu stefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins ekki rétta og ekki líklega til þess að ná yfirlýstum markmiðum um verndun og stjórn hvalveiða. Þessi sjónarmið snerust þó fyrst og fremst um það að Íslendingar gátu ekki stundað hvalveiðar á þessum tíma vegna ákvörðunar sem tekin var á sínum tíma um að mótmæla ekki banninu. Sjávarútvegsráðherra sagði að íslenska ríkisstjórnin gæti túlkað það sem svo að Alþjóðahvalveiðiráðið myndi ekki aðeins halda áfram að hunsa langvarandi ákvæði stofnsamningsins heldur líka að taka upp nútímalegri reglur hvað varðar lífríki sjávarspendýra í sjónum. Ríkisstjórnin taldi að Alþjóðahvalveiðiráðið myndi halda áfram stefnu sinni sem væri ekki í samræmi við skilvirka verndun og stjórnun hvalastofna í vistkerfinu. Alþjóðahvalveiðiráðið væri óskilvirk stofnun sem væri ekki í takt við raunveruleikann.<sup>94</sup>

Ríkisstjórnin lagði mikla áherslu á mikilvægi umhverfisverndunarsjónarmiða. Á sama tíma varaði hún við einhliða áherslu á umhverfissjónarmið í þágu takmarkaðrar verndunar á einstökum stofnum dýra án tillits til víðtækari áhrifa á vistkerfi sjávar. Verndun hafsins skipti fáar þjóðir jafn miklu máli og Ísland. Nauðsynlegt væri að vinna áfram að virkri verndun hafsins og vistkerfi þess og starfa með þjóðum sem hafa sama markmið að leiðarljósi.<sup>95</sup>

#### 5.4. NAMMCO

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir að þegar um er að ræða dýrategund sem falli undir það að vera flökkustofn beri að fara eftir samþykktum alþjóðastofnana.<sup>96</sup> Í hvalveiðimálum var á þessum tíma engin önnur alþjóðastofnun en Alþjóðahvalveiðiráðið. Kanada hafði skömmu áður sagt sig úr Hvalveiðiráðinu vegna

<sup>92</sup> Þorsteinn Pálsson, „Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu: Stefnt að stofnun nýrra hvalveiðisamtaka þjóða við N-Atlantshaf,“ *Morgunblaðið* 28. desember 1981.

<sup>93</sup> Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991.

<sup>94</sup> Þorsteinn Pálsson, „Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu: Stefnt að stofnun nýrra hvalveiðisamtaka þjóða við N-Atlantshaf,“ *Morgunblaðið* 28. desember 1981.

<sup>95</sup> Þorsteinn Pálsson, „Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu: Stefnt að stofnun nýrra hvalveiðisamtaka þjóða við N-Atlantshaf,“ *Morgunblaðið* 28. desember 1981.

<sup>96</sup> United Nations Convention on the Law of the Sea. 65. gr.  
[http://www.un.org/Depts/los/convention\\_agreements/texts/unclos/closindx.htm](http://www.un.org/Depts/los/convention_agreements/texts/unclos/closindx.htm) (sótt 24. apríl 2012).

þess að starfsemi ráðsins væri ekki marktæk. Ákvarðanir þess væru ekki lengur byggðar á vísindalegum niðurstöðum.<sup>97</sup>

Ísland tók frumkvæði að aukinni samvinnu milli hvalveiðipjóða á Norður-Atlantshafi þegar það varð ljóst að samvinna þeirra yrði æ erfiðari innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þetta samstarf hófst með alþjóðlegri ráðstefnu um skynsamlega nýtingu sjávarspendýru sem haldin var á Íslandi árið 1988. Árið 1990 ákváðu, auk Íslands, Noregur, Færeyjar og Grænland að undirbúa frekara samstarf. Á síðari árum hafa lönd eins og Rússland, Kanada, Bandaríkin, Bretland, Svíþjóð, Danmörk og Ástralía sent fulltrúa sína á fundi NAMMCO. Frekari fundir voru haldnir þar sem undirbúningur við alþjóðlega stofnun sem fæli í sér samstarf þjóða sem hefðu hagsmuni af hvalveiðum á þessu svæði. Þetta leiddi til þess að NAMMCO (North Atlantic Marine Mammals Commission) var stofnað árið 1992 og var fyrsti fundurinn haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í september það ár.<sup>98</sup>

Samkvæmt sáttmála NAMMCO getur ráðið annast rannsóknir og stjórnun á sjávarspendýrum á svæðinu ef öll aðildarríki eru því sammála. Engu að síður var ákveðið í upphafi að ráðið myndi fyrst og fremst einbeita sér að selum og litlum hvalategundum sem féllu ekki undir Alþjóðahvalveiðiráðið. Allir meðlimir NAMMCO, nema Ísland, voru einnig meðlimir að Alþjóðahvalveiðiráðinu.<sup>99</sup>

Íslendingar lögðu mikla áherslu á að með NAMMCO væru þeir að koma upplýsingum um sinn málstað og sína hagsmuni á framfæri. Með úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var áhersla lögð á það að ráðið sinnti ekki lengur hagsmunum hvalveiðipjóða, það væri orðið að hvalfriðunarráði sem legði huglægt mat á það hvort og hvenær mætti veiða. NAMMCO gerði það að verkum að helstu sjónarmið Íslands væri komið á framfæri.<sup>100</sup>

---

<sup>97</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 211.

<sup>98</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 210-211.

<sup>99</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 161-162.

<sup>100</sup> Jóhann Viðar Ívarsson, *Science, Sanctions and Cetaceans*, 210-211.

## 6. Niðurstöður

Saga Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur verið þyrnum stráð. Eftir því sem aðildarríkjum fjölgaði komu betur í ljós hagsmunaárekstrar sem leiddu til þess að ráðið náði ekki að koma sér saman um mikilvæg málefni. Hvalveiðibannið árið 1986 sýndi bersýnilega að ríki taka þátt í Alþjóðahvalveiðiráðinu til þess að sinna eigin hagsmunum. Ríki sem settu hagsmuni náttúruverndarstofnana á oddinn komu á banni sem hvalveiðiþjóðir þurftu ekki að fylgja. Þau ríki sem stunduðu hvalveiðar gátu komið fram mótmælum innan ákveðins tímaramma og voru ályktanir Alþjóðahvalveiðiráðsins því ekki bindandi fyrir þau. Þetta er lýsandi einkenni á því hvernig fullveldisreglan virkar. Lagalega voru ríkin skuldbundin til þess að hegða sér á ákveðinn hátt, en þau áskildu sér samt sem áður alltaf rétt til þess að haga seglum eftir vindi.

Alþjóðahvalveiðiráðið er gott dæmi um realismann í alþjóðasamskiptum nútímans. Samkvæmt stofnsáttmálanum eru þær tvær tegundir ályktana sem ráðið getur komið með ekki bindandi fyrir aðildarríkin. Annars vegar geta aðildarríkin komið á framfæri mótmælum innan 90 daga ef stofnsáttmálanum er breytt og þar með vikið sér undan því að framfylgja nýju reglunum; hins vegar eru meðmæli ráðsins ekki bindandi fyrir neitt ríki. Þau þurfa með öðrum orðum ekki að koma á framfæri mótmælum til þess að firra sig ábyrgð.

Þegar hvalveiðibannið var samþykkt árið 1982 ákváðu Íslendingar að mótmæla ekki vegna þess að þeir óttuðust að það kynni að skaða hagsmuni sjávarútvegsins. Hótanir Bandaríkjamanna gáfu tilefni til að ætla að svo gæti farið. Alþingi Íslendinga mat það sem svo að hagsmunum ríkisins væri best borgið með því að koma mótmælum ekki á framfæri. Varnarsamningurinn milli ríkjanna var báðum aðilum mikilvægur, Íslendingum fyrst og fremst af efnahagslegum ástæðum, Bandaríkjunum í ljósi þess að hernaðarlegt mikilvægi Íslands í kalda stríðinu var óumdeilt. Var þetta ein helsta ástæðan fyrir því að samningar náðust milli ríkjanna.

Þrátt fyrir að stofnun Alþjóðahvalveiðiráðsins hafi verið í anda hugmynda liberalismans eiga kenningar realista þar betur við. Ríkin leituðust nær eingöngu við að tryggja sína hagsmuni eins og glögglega kemur í ljós þegar úrsögn Íslands er skoðuð. Íslendingar sögðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu vegna þess að þeir töldu



hagsmunum sínum betur borgið utan ráðsins en innan þess.

Með aðildinni að NAMMCO vonuðust Íslendingar til þess að hafa uppfyllt þær alþjóðlegu skuldbindingar varðandi samráðsskyldu ríkja á veiðum á sjávarspendýrum sem nauðsynlegar voru samkvæmt 65. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er samningur sem Íslendingar voru búnir að fullgilda og gátu ekki gengið gegn.

Fljótlega eftir að Íslendingar höfðu sagt sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu hófust umræður um það hér á landi hvort skynsamlegt væri að ganga inn í það aftur. Íslensk stjórnvöld lýstu því yfir að innganga í ráðið yrði metin með hliðsjón af því hvort það yki líkurnar á því að hvalveiðar yrðu hafnar að nýju.<sup>101</sup>

Mikilvægi realismans sem kenningar um alþjóðasamskipti hefur ekki minnkað í kjölfar þeirrar alþjóðavæðingar sem 20. öldin hafði í för með sér. Aukin efnahagsleg tengsl ríkja hafa ekki gert líkurnar á átökum minni og ríkin eru ennþá grunneining alþjóðastjórnmalanna. Það eru því góðar ástæður sem liggja að baki því að áætla að 21. öldin verði áfram öld realismans. Stór ríki halda áfram að vera stærstu gerendurnir á alþjóðavettvangi. Þau hafa eigin hagsmuni að leiðarljósi og gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að hámarka völd sín. Realisminn leggur höfuðáherslu á ríkið og mikilvægi valds og þjóðarhagsmuna í alþjóðasamskiptum. Þannig eykur hann skilning okkar á hegðun ríkja heims og samskiptum þeirra.

Realisminn mun því að líkindum verða áfram ríkjandi kenning um alþjóðasamskipti. Alþjóðahvalveiðiráðið er skýrt dæmi um það hversu mikið skýringargildi kenningar realismans hafa.

---

<sup>101</sup> Geir A. Guðsteinsson, „Engar hvalveiðar á næsta ári“, *Dagur*, 9. október 1999.

## Heimildaskrá

Alþingistíðindi

BBC. „The charges against Milosovic.“ 11. mars 2006.  
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/1402790.stm> (sótt 23. apríl 2012).

Baylis, John, Steve Smith og Patricia Owens. *The globalization of world politics: An introduction to international relations*. 4. útg. Oxford: University Press, 2008.

Bollwerk, Jan, Leslie Spencer og Richard C. Morais. „The Not So Peaceful World of Greenpeace.“ *Financial Times*, 11. október 1991.  
<http://ufdcweb1.uflib.ufl.edu/WL00001269/00001/1j> (sótt 24. apríl 2012).

Brown, Chris. *Understanding international relations*. London: Macmillan Press Ltd, 1997.

Cohen, Jean L. „Rethinking Human Rights, Democracy, and Sovereignty in the Age of Globalization.” *Political Theory*, 4. tbl, 36. árg, (2008) 578-606.

D’Amato, Anthony og Sudhir K Chopra. „Whales: Their emerging right to live.“ *American Journal of International Law*, 21, (1991),  
<http://anthonydamato.law.northwestern.edu/Papers-1/A911-whales.html> (sótt 24. apríl 2012).

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996.

Eiríkur Bergmann, „Glatast fullveldi við aðild að Evrópusambandinu?“, *Fréttablaðið*, 20. desember 2009.

Geir A. Guðsteinsson. „Engar hvalveiðar á næsta ári“. *Dagur*, 9. október 1999.

International Criminal Tribunal for the former Yugoslavia. „ICTY – TPIY: Mandate and Jurisdiction”. <http://www.icty.org/sid/320> (sótt 24. október 2012).

International Convention for the Regulation of Whaling, (1946). Sótt af heimasíðu International Whaling Commission,  
[http://www.iwcoffice.org/\\_documents/commission/convention.pdf](http://www.iwcoffice.org/_documents/commission/convention.pdf) (sótt 24. apríl 2012).

International Whaling Commission. „Catch Limits & Catches Taken“  
<http://iwcoffice.org/conservation/catches.htm> (sótt 23. apríl 2012).

International Whaling Commission. „IWC information.“  
<http://www.iwcoffice.org/commission/iwcmain.htm> (sótt 23. apríl 2012).

Jóhann Viðar Ívarsson. *Science, Sanctions and Cetaceans*, Reykjavík: Centre for International studies, University of Iceland, 1994

Krasner, Stephen D. „Sovereignty“, *Foreign Policy*“ 122 (2001). 122, 20-27.

Lennox, Victoria. „Conceptualising Global Governance in International Relations, University of Ottawa.“ 2007. Sótt af heimasíðu e-International Relations <http://www.e-ir.info/2008/10/03/conceptualising-global-governance-in-international-relations/> (sótt 24. apríl 2012).

*Morgunblaðið*. „Hvalur og selur éta helmingi meiri fisk en fiskimenn veiða.“ 2. febrúar 1983.

*Morgunblaðið*. „Hvalveiðibannið utan dagskrár á Alþingi.“ 2. febrúar 1983.

*Morgunblaðið*. „Kim næsti forstjóri Alþjóðabankans.“ 14. apríl 2012.

Sjávarútvegsráðuneytið. Fréttatilkynning 27. desember 1991. Sótt af heimasíðu High North Alliance, <http://www.highnorth.no/Library/Policies/National/go-of-ic.htm> (sótt 15. apríl 2012).

Trausti Einarsson. *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1987.

United Nations. Convention on the Law of the Sea. 65. gr. [http://www.un.org/Depts/los/convention\\_agreements/texts/unclos/closindx.htm](http://www.un.org/Depts/los/convention_agreements/texts/unclos/closindx.htm) (sótt 24. apríl 2012).

United Nations Environmental Programme, „Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment“. (1972). <http://www.unep.org/Documents.Multilingual/Default.asp?DocumentID=97&ArticleID=1503&l=en> (sótt 24. apríl 2012).

Waltz, Kenneth. „Globalization and Governance“, *PS: Political Science and Politics*, 4. tbl, 32. árg, (1998) 693-700

World Wildlife Fund. „A History of the International Whaling Commission.“ [http://wwf.panda.org/what\\_we\\_do/endangered\\_species/cetaceans/cetaceans/iwc/history/](http://wwf.panda.org/what_we_do/endangered_species/cetaceans/cetaceans/iwc/history/) (sótt 18. apríl 2012).

Þorsteinn Pálsson. „Úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu: Stefnt að stofnun nýrra hvalveiðisamtaka þjóða við N-Atlantshaf.“ *Morgunblaðið*, 28. desember 1981.